

Fundargerð heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Fundur í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn **28. október 2025** kl. 12:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Róbert Smári Gunnarsson, Sigríður Ólafsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri.
Fundarstjóri: Arnar Þór Stefánsson.

Dagskrá

1. Starfsleyfi
 2. Tóbakssöluleyfi
 3. Mál til kynningar / vinna milli funda
 - A. Skipulagsmál
 - B. Umsagnir til sýslumanns
 - C. Mál frá Mast
 - D. Mál frá UOS
 - E. Úr eftirliti
 - F. Mál frá SHÍ
 - G. Mál frá ráðuneytum
 4. Kostnaður við færslu heilbrigðiseftirlits NV yfir til stofnana ríkisins – upplýsingar frá nefndinni
 5. Önnur mál
-

1. Starfsleyfi

Starfsleyfi nr. 1970

Valey ehf, kt. 630625-0330, vegna reksturs gististaðar að Lækjarhvammi, 531 Hvammstanga, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.
Ábyrgðarmenn: Fanney Dögg Indriðadóttir og Valur Freyr Halldórsson.
Samþykkt til 28.10.2037.
Samþykkt til 28.10.2037.

Starfsleyfi nr. 1971

Hvítserkur Guesthouse, kt. 170569-5719, vegna reksturs gististaðar að Súluvöllum-syðri, 531 Hvammstanga, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmenn: Halldór Jón Pálsson og Jónína H. Jónsdóttir.

Samþykkt til 28.10.2037. (Með fyrirvara um athugasemdir vegna auglýsinga á vefsíðu hnv.is til 11.11.2025)

Starfsleyfi nr. 1972

Djárninn hef, kt. 530716-1120, vegna reksturs söluturns að Aðalgötu 19, 550 Sauðárkrókur, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli* og *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Gunnar Viðar Þórarinnsson

Samþykkt til 28.10.2037.

Tímabundið starfsleyfi nr. 1972

Eypór Einarsson kt. 270776-4189, til niðurrifs á geymslu í Sólheimagerði, 561 Varmahlíð sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði og *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðamaður er Eypór Einarsson.

Samþykkt til 31. Nóvember 2025 (með fyrirvara um athugasemdir vegna auglýsinga á vefsíðu hnv.is til 18.11.2025)

Primex ehf. kt. 681197-2819, til niðurrifs, flokkun, endurnýting og förgun á rústum eftir bruna. Núverandi starfsleyfi liggur niðri á meðan á hreinsun stendur. Sjá auglýst starfsleyfisskilyrði og *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmenn eru Vigfús Rúnarsson og Rúnar Marteinnsson.

Samþykkt til 27.10. 2026 (með fyrirvara um athugasemdir vegna auglýsinga á vefsíðu hnv.is til 24.11.2025)

3. Tóbakssöluleyfi

Engin

4. Mál til kynningar / vinna milli funda

A) Skipulagsmál

- a) Umsögn um deiliskipulag fyrir Flæðar á Sauðárkróki. Umsögn veitt 06.10.2025.
- b) Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026-Viðhlíð. Umsögn veitt 07.10.2025.
- c) Umsögn um breytingu á deiliskipulagi á Blönduósi, iðnaðar og verslunarsvæði við Svínvetningabraut. Umsögn veitt 20.10.2025.
- d) Umsögn um breytingu á Blöndulínu milli Starrastaða og Mælifells. Tilkynning um framkvæmd. Umsögn veitt 20.10.2025.
- e) Umsögn um nýtt deiliskipulag í landi Melstaðs í Miðfirði. Umsögn veitt 24.10.2025.
- d) Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið út húsnæði sem fyrirhugað var að rífa í landi Sólheimagerðis, Skagafirði. Heilbrigðisnefnd samþykkir að húsið verði rífið.

B) Umsagnir til sýslumanns

- a) Valey ehf., kt. 630625-0330 – gistileyfi að Lækjarhvammi, 531 Hvammstangi.
- b) Blanda ehf. Kt. 520308-0400, gistileyfi í Glaðheimum, 540 Blönduósi, 4 ný hús.
- c) Fjallabyggð, kt 580706-0880, tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga vegna kráarkvöld í Hornbrekku.

C) Mál frá Mast

- a) Matvælaeftirlitsráðstefnan verður haldin í Osló 19.-20. janúar 2026. 1-2 heilbrigðisfulltrúar fara á hana.
- b) 6 tilkynningar hafa borist um aðskotahluti/aðskotaefni í matvælum.
- c) Tilkynning um flutning á riðufé í Kölku, flutningsaðili Terra ehf.
- d) Fundur með forstjóra Mast og framkvæmdastjórum um stöðu Mast og Hes verkefna.
- e) Upprunamerkingar eldislaxa og rekstrarleyfi eldislaxa. f)
- The Nordic-Baltic Water Conferance í Reykjavík 22.-24. október 2025, framkvæmdastjóri sótti fundinn gegn greiðslu dagpeninga.

D) Mál frá UOS

- a) Tilkynningar um réttindanámskeið heilbrigðisfulltrúa og námskeið í sóttvörnum.
- b) Hvalrekar við Húnaflóa hafa verið tíðir í september og fram í október. Heilbrigðiseftirlitið tilkynnti UOS um hvalreka á Borðeyri. Hafrannsóknarstofnun tók sýni úr andanefjunni; niðurstöður liggja ekki fyrir. Umhverfis- og orkustofnun hafa ekki lengur yfirumsjón með förgun hvalhræa og því er ekki verið að fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Formleg tilkynning þess efnis

hefur ekki boriðst frá UOS. Gert er ráð fyrir að Hafrannsóknarstofnun taki við málinu hvað varðar rannsóknarskylduna en Heilbrigðiseftirlitin í samráði við landeigendur ákveða hvernig hvalhræjum verði fargað. 8 Andanefjur hafa rekið á land við Húnaflóa og 1 Hvalbakur í Skagafirði.

c) Stöðustkýrsla fráveitumála var send Heilbrigðiseftirlits til yfirlestrar.

d) Meðferð rækjuhrats eftir bruna á Siglufirði er til meðferðar UOS.

E) Úr eftirliti

a) Erindi LEX lögmannsstofu f.h. Landsambands Bakarameistara, dags. 30. f.m., þar er beint til hvers og eins af heilbrigðiseftirlitssvæðunum níu að binda útgáfu starfsleyfa til bakaríá því skilyrði að bakarameistari veiti starfseminni forstöðu. Heilbrigðiseftirlitin svöruðu erindinu sameiginlega og vísað í reglugerðir þess efnis.

b) Margar kvartanir hafa borist heilbrigðiseftirlitinu vegna mikils gruggs í neysluvatninu á Ólafsfirði. Önnur skriða féll yfir vatnsveitumannvirkin. Mikilvægt er að fara í áhættumat vatnsveitu Ólafsfjarðar hið fyrsta.

c) Bréf til Vegagerðar ríkisins vegna upphirðu bíla.

d) Mikilvægt er að Sveitarstjórnir/Heilbrigðisnefndir fundi með ráðuneytum vegna fyrirhugaðra yfirtöku heilbrigðiseftirlits til undirbúnings ef frumvarp verður samþykkt.

e) Erindi frá Íshúsinu á Siglufirði og Dögun á Sauðárkróki bárust embættinu vegna brunans á Primex hvað varðar leyfi á að setja rækjuskel í sjóinn og var það áframsent til Umhverfis- og orkustofnun.

F) Mál frá SHÍ

Heilbrigðiseftirlitssvæðin ákváðu að svara bréfi frá ráðuneytunum sameiginlega, sjá neðangreinda gagnabeiðni.

G) Mál frá Ráðuneytum

a) Gagnabeiðni Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðuneytis um þar sem hvert heilbrigðiseftirlit er beðið um að fara yfir meðfylgjandi lista og upplýsa um þau verkefni sem kann að vanta. Jafnframt vorum við beðin um að upplýsa um ef að einhver af verkefnunum eiga ekki við um okkar eftirlitssvæði.

7. Önnur mál

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður þriðjudaginn 24. nóvember 2025 kl. 12:00.
Fundi slitið kl. 13:00.